

Fundur 17.4.2023 Búrdlík.

Komið þið öll sæl og blessuð.

Komdu sæll og góða kvöldið.

Já góða kvöldið.

Vildi ég gjarnan senda ykkur lækningar orku og vit orku eins og minnst var á hér að framan.

Og höfum við um langt skeið haft góð sambönd við hnött þann sem þið eruð í miklum tengslum við og eru margir fjarskyldir ættingjar okkar komnir til ykkar lands.

Og finnum við það æ betur hversu hjartahly og kærleiksrík þjóð ykkar er, og var okkur strax bent á það, að þótt starf ykkar gæti gengið eins erfiðlega og okkar starf, hér á þessum hnetti, myndu kringumstæðurnar hafa þýtt svo til, að hinn skapandi máttur myndi tvinna saman örlög þjóðanna.

Og vert væri að gefa ykkur lýsingar á þróun okkar hér á þessum hnetti og hvernig gengur að koma þessu mikla máli áleiðis og höfum við fylgst með því reglulega, hvernig máttur þjóðarinnar hefur verið mismikill og vonum til þess að stefna upp á við og fram á við til framfara hefur verið mismikill og hafa stundum verið góðir möguleikar til samskipta.

Hef ég hér í framlífi mætt erfiðleikum eins og í frumlífi, en hin allra síðustu ár hefur okkur gengið svolítið betur að kynna þetta málefni fyrir fólkinu sem hér býr, og hefur það haft góð áhrif á þjóðlífið og á meðan erum við þakklát og ánægð með hvern þann sem sýnir þessu starfi áhuga.

Ég vildi mjög gjarnan þýða það hugtak sem notað er á okkar landi og okkar hnetti yfir þessi fræði, en ekki er ég viss um að það tækist, en þau snúast einmitt um drauma og framlíf á öðrum hnöttum, eins og fræði dr. Helga Pjeturss, ef lýsa ætti því orði, þá fjallar það meira um hnatta samband. Hnatta sambandið í geimnum.

En það fellst nú í kenningunum, af mér er það nú að segja að þeir miklu erfiðleikar sem mættu mér hér í framlífi og sem lýstu sér í því að félagar í okkar hópi nutu ekki fullrar heilsu og mættu mótspyrnu í þjóðfélaginu, eru þeir gallar að minnka og næstum horfnar og er það misjafnt eftir löndum hvernig gengur.

Og er við sömu erfiðleika að etja og er hjá ykkur, og eru það gömul trúarbrögð annars vegar sem standa í veginum og svo íhaldssöm vísindi sem viðurkenna ekki rannsóknir á andlegum sviðum tilverunnar.

Og höfum við frekar fengið stuðning frá almenningi sem farin er að viðurkenna að sambönd af þessu tagi, geta komið í staðinn fyrir trúarbrögðin, og eru margir íbúar þessa hnattar orðnir þreyttir á stjórnmálamönnum sem lofa öllu fögru en svíkja það jafnan.

Og fjölbreytnin í trúarbrögðunum getur gefið möguleika til þess að kynna þetta mál, en þegar ég var í frumlífi mínu á frumlífs hnetti mínum, var það svo mjög erfitt við að eiga, að var það erfiðara en á ykkar hnetti.

Og væri það merkilegt rannsóknarefni hvernig er hægt að koma frumlífsjörð minni til bjargar og sömuleiðis frumlífs jörð ykkar sem þið eruð stödd á.

Ég hef oft talað við ykkur áður og nokkrir aðrir af minni þjóð og ætla ég að reyna að segja nafn mitt.

Er þetta Búrdlík?

Já Búrdlík og komið þið sælir, gaman að heyra í ykkur.

Já, velkominn.

Er víst svipað ástand á framlífs hnetti mínum og á ykkar framlífs hnetti, en hefur okkur ekki tekist að laga þar ástandið.

Erum við nokkuð bjartir ykkur og margir Pólverjar og austurlandabúar sem hjá ykkur eru, sem eru mjög skyldir því fólki sem byggir okkar heima hnött.

Og komu þar Guðir sem voru þar á ferðinni í árdaga, sem notuðu sér efnivið hnattanna og hjálpuðu þeim apamönnum til mannlegs vits, sem þar voru.

Og þannig veltur lífið áfram og lífmagnanin gefur af sér nýjar lífmyndir og maðurinn verður að vera samstilltur náttúrunni svo vel gangi.

En hér eru fleiri einstaklingar á mínum hnetti sem vilja koma síðar í sambandið og við vonum að það gangi einnig.

Ánægjulegt að slíta ekki þessi tengsl, svo við vonum að það gangi síðar.

Má ég spurja að einu?

Já.

Það eru núna að minnsta kosti hálf öld eða meira, 55 ár eru síðan þú komst fyrst í sambandið hér og ert þú ekki að verða aldraður maður, á þínum framlífs hnetti?

Hann er kominn í framlíf.

En hann sagði framlíf.

Nei nei hann er að tala um framlíf þeirra sem eru eftir.

Já, já, ert þú á þínum fyrsta framlífs hnetti?

Já á fyrsta framlífs hnetti, ég lýsti erfiðleikum mínum í framlífi, fyrstu árin, þegar ég talaði við ykkur (*alveg rétt*) og svo hefur það farið batnandi og ég er ævinlega þakklátur fyrir þann skilning sem ég fékk hér á fundum.

Og Haukur Sigtryggsson hefur spurt mig í framlífi, man eftir mér og margir ykkar býst ég við.

Hverjir stóðu á bak við það að stilla þig til sambands við okkur, getur þú nokkuð sagt okkur það?

Á þeim tíma sem þau sambönd tókust.

Já það er merkileg saga, við fundum út að þið voruð opin fyrir því, en ég komst nú ekki að því fyrr en talsvert seinna hér í framlífi mínu, hvernig það var.

Við vorum að prófa okkur áfram að tengjast sem flestum og kom það okkur jafn mikið á óvart og ykkur að framlífs hnöttur skildi vera þarna úti sem, framlífs hnöttur sem átti sér leiðtoga sem hafði staðið í sömu baráttu og ég og við sem hér erum.

En það eru hjálpendur og verndarar sem standa í mörgum röðum og eins og hver taki við af öðrum eftir því sem æðra upp í þróunarstigann kemur og það mun hafa verið einhvers konar tilviljun að í ykkar hópi voru einhverjir sem höfðu það sterka miðilsgáfu og fleiri en miðlarnir að nöfn okkar komu upp í huga þeirra og þá er eins og samband takist sem, þið voruð mjög öflug snemma og mikil orka og mikil lífmagnan.

Og ég held að besta skýringin sé sú að meðal ykkar voru svo öflugir einstaklingar sem skynjuðu til okkar og opnuðu á þetta samband.

Mér er kunnugt um það að fleiri slíkar frumlífs jarðir vildu ná sambandi við ykkur en hefur ekki tekist, það kann að vera tengt því að það er talað um örlög með sérstökum hætti, að það sem á eftir að gerast í framtíðinni, hefur áhrif aftur í tímann og myndar samstillingu og á þann veg sem þjóð ykkar hefur nú þróast með innflutningi fólks frá þessum landssvæðum, hefur myndast eitthvað aflsvæði sem hefur haft áhrif.

Og hjálpað til, ég hygg að það sé, við höfum ekki talað við alla sem, það eru margir öflugir sem fæddust fyrir löngu sem hafa reynt að efla til þessa sambands en það eru Guðir sem eru skyldir og sömu Guða nöfnin sem þið kannist við úr einhverjum bókum sem eru sameiginlegir og saga ekki ósvipuð.

En ég veit ekki hvort hægt er að nefna sérstök nöfn, en hvernig þetta verður er stundum tengt orkunni og slíku sem er erfitt að útskýra.

En ég verð víst að kveðja, næ ekki að skýra þetta betur.

Þakka þér kærlega fyrir.

Vonandi að þetta hafi eitthvað komist til skila.

Gangi þér vel á þínum framlífs hnetti.

Þakka ég kærlega fyrir og vonum einnig að ykkur gangi vel og reynum að senda ykkur orku og þökkum ykkur kærlega fyrir og eru hér margir aðrir sem vilja reyna að koma síðar, við sjáum til með það, þökkum ykkur öllum fyrir, verið þið blessuð og sæl.

Þakka þér fyrir og vertu sæll.